

Lög

Nr. 12
18. maí

um

breytingu á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað 1. og 6. gr. fyrri málsgr. 79. gr. og ákvæða um stundarsakir í lögum 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, koma eftirfarandi greinar:

1. gr.

(1. gr. laga 3. nóv. 1915).

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett til Alþingis við kosningar í sjerstökum kjördæmum allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram.

2. gr.

(6. gr. laga 3. nóv. 1915).

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, karl og kona, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðestörf á hendi. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár.

3. gr.

Fyrri málsgrein 79. gr. orðist svo:

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 4. hvert ár.

4. gr.

Í stað ákvæða um stundarsakir komi:

Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en hin nýja stjórnarskrá konungsríkisins Íslands öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir Íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.

Nr. 12 Almennar, reglulegar alþingiskosningar í sjerstökum kjördæmum skulu fara fram 18. maí árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyrir en að loknu reglulegu Alþingi það ár,

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 18. maí 1920

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Nr. 13
18. maí

Lög

um

kenslu í mótórvjelfræði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við vjelstjóraskólann í Reykjavík skal stofna sjerstaka deild, þar sem kend er mótórvjelfræði, munnleg og verkleg.

Stjórnarráðið ræður kennara eftir þörfum. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Til mótórvjelstjóraprófs útheimtist:

1. Í íslensku: Að geta gert ljettan stíl um alment efni, skrifað sëmilega og nokkurnveginn rjett.
2. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.
3. Í mótórvjelstjórfræði: Þekking á hinum algengustu mótórum, sem notaðir eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu og stjórn. Þekking á sundurliðun mótora, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra þá galla á mótórum, sem orsakast af notk-